

Flutningur fasteignaskrár og fasteignamats frá Pjóðskrá til HMS

Lög um flutning fasteignaskrár frá Pjóðskrá til HMS hafa verið samþykkt á Alþingi og taka þau gildi 1. júlí næstkomandi. Rekstur fasteignaskrár mun færast til HMS en markmiðið er að einfalda og efla þjónustu við sveitarfélög, almenning og aðra hagaðila. Starfsemin verður flutt þann 1. júlí næstkomandi en stefnt er að því að yfirfærslu kerfa verði að mestu lokið 1. september 2022.

Frá og með 1. júlí næstkomandi mun HMS bera ábyrgð á allri þjónustu vegna fasteignaskrár og er hægt að beina erindum í síma 440-6400 eða á netfangið hms@hms.is. Skrifstofur HMS eru staðsettar í Borgartúni 21 í Reykjavík, Ártorgi 1 á Sauðárkróki og Hafnarstræti 107 á Akureyri. Berist erindi til Pjóðskrár í gegnum síma eða með tölvupósti eftir 1. júlí verður erindið áframsent til HMS til að tryggja svörun.

Pjóðskrá og HMS leggja mikla áherslu á að ekki verði þjónusturof meðan á sameiningarferlinu stendur og munu engar aðrar breytingar eiga sér stað þann 1. júlí sem hafa áhrif á þjónustuveitingu til viðskiptavina.

Við hvetjum viðskiptavini til að hafa samband í síma 440-6400 eða með tölvupósti á hms@hms.is ef einhverjar spurningar vakna og einnig er hægt að leita til ykkar núverandi tengiliða fyrir fasteignatengd verkefni til að fá nánari upplýsingar.

**Með fyrirfram þökk og góðum sumarkveðjum,
HMS og Pjóðskrá Íslands.**

**Pjóðskrá Íslands
Registers Iceland**

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

 Fólk  Fasteignir